



## Umsögn Akureyrarbæjar um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um veiðigjald (mál nr. S-62/2025)

Akureyrarbær vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum vegna frumvarps um hækkun veiðigjalda sem kynnt hefur verið í samráðsgátt stjórnvalda.

Akureyrarbær lýsir yfir miklum áhyggjum af þeim breytingum sem lagðar eru til í framangreindu frumvarpi. Breytingarnar sem boðaðar eru munu hafa töluverð áhrif á atvinnulíf á Akureyri, í Hrísey og Grímsey. Ekki einungis eru breytingarnar líklegar til þess að hafa umtalsverð áhrif á sjávarútvegsfyrirtækin beint, heldur eru fjölmörg fyrirtæki sem byggja afkomu sína á því að þjónusta sjávarútveginn, beint og óbeint.

Akureyrarbær tekur undir tillögu Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga um þrepaskiptingu hækkana á veiðigjöldum þannig að sveitarfélögin og fyrirtækin hafi ráðrúm til þess að bregðast við þessum nýja veruleika með viðeigandi hætti.

Frumvarpið er lagt fram án þess að fyrir liggi nauðsynleg greining á áhrifum þess á einstök sveitarfélög, atvinnulíf þeirra og tekjur. Þetta er bæði óásættanlegt og í andstöðu við 129. gr. sveitarstjórnarlaga, sem kveður skýrt á um að fara skuli fram sérstakt mat á áhrifum lagabreytinga á fjárhag sveitarfélaga þegar fyrirsjáanlegt sé að þær hafi áhrif á hann. Í ljósi þessa fengu Samtök sjávarútvegssveitarfélaga ráðgjafafyrirtækið KPMG til þess að meta áhrif breytinganna á aðildarsveitarfélögin og þar kemur í ljós að **áhrifin á fyrirtæki sem eru með heimilisfesti í Akureyrarbæ eru metin á um 1 milljarð króna.**

### Mikilvægi sjávarútvegs fyrir Akureyrarbæ

Á árinu 2024 var ríflega 21.000 tonnum af bolfiski landað í höfnum sveitarfélagsins. Í Hrísey og Grímsey er uppistaðan afli af krókaflamarksbátum og smábátum með aflamark. Á Akureyri uppistaðan afli frá stærri skipum.

Flestar útgerðirnar í eyjunum eru kvótalitlar og treysta því mjög á leigukvóta og byggðakvóta. Eins og öllum ætti að vera ljóst eru samfélögin í Hrísey og Grímsey mjög brothætt. Engin vinnsla er í Grímsey en í Hrísey er starfandi fiskvinnsla sem er stærsti vinnustaður byggðarlagsins. Má segja að áhrifin séu mest á u.þ.b. 7 fyrirtæki í sveitarfélaginu, þar af eru 5 í Grímsey. Auknar álögur á atvinnulífið eru líklegar til að draga úr rekstarhæfi fyrirtækjanna og veikja samfélögin enn frekar en orðið er.

Magn landaðs sjávarafla í sveitarfélaginu:

| Byggðarlag | Magn í tonnum |
|------------|---------------|
| Akureyri   | 24.074.939    |
| Hrísey     | 674           |
| Grímsey    | 974           |

Samkvæmt greiningu dr. Vífils Karlssonar hagfræðings hjá SSV<sup>1</sup> sem hann vann fyrir sveitarfélögin á Vesturlandi kemur fram að hækkun veiðigjaldsins sé hlutfallslega mest hjá smæstu fyrirtækjunum sem veiða á bilinu 1-349 tonn á ári. Síðan verður hækkunin hlutfallslega minni, nær lágmarki í rúmlega 1.000 tonnum en hækkar aftur eftir það. Aldrei komast stærstu fiskiskipin þó yfir hækkunina sem minnstu skipin fá. 87% íslenskra fiskiskipa veiddu minna en 350 tonn árið 2024. Í greiningunni kemur einnig fram að hækkun meðalstórra báta með afla á bilinu 50-349 tonn á ári hefði orðið á bilinu 463 þ.kr. til rúmlega 3,4 m.kr. E.t.v. kann fólki að finnast það lítið en í þessum hópi eru oft viðkvæmustu rekstrareiningarnar í sjávarútvegi. Það eru því allar líkur á því að enn frekari samþjöppun verði í sjávarútvegi til þess að ná fram auknu hagræði vegna hækkunar á gjöldum. Það mun án efa leiða til enn frekari fækkunar íbúa í Grímsey og Hrísey.

Á Akureyri starfar eitt öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki landsins. Fyrirtækið er einn stærsti vinnustaður bæjarins og skiptir starfsemi þess miklu máli fyrir sveitarfélagið. Ætla má að megnið af áætlaðri hækkun veiðigjaldsins í sveitarfélaginu lendi á þessu fyrirtæki. Ljóst má vera að það mun leita allra leiða til þess að hagræða þannig að hægt sé að mæta þessum auknu álögum.

### Áhrif á afleidd störf

Á Akureyri eru starfandi fjölmörg öflug fyrirtæki sem hafa sérhæft sig í þjónustu við sjávarútveg. Þau starfa fyrir sjávarútvegsfyrirtæki um allt land og því hafa hærri álögur á öll sjávarútvegsfyrirtæki í landinu umtalsverð áhrif á atvinnulíf á Akureyri. Þessi fyrirtæki hafa þurft að takast á við ýmsar áskoranir á síðustu árum og mega ekki við þeirri óvissu sem þetta frumvarp skapar. Hækkun veiðigjalda kemur sérstaklega hart niður á afleiddum störfum af sjávarútvegi. Mikill fjöldi fólks starfar hjá þessum fyrirtækjum og öll búa þau yfir sérhæfðu starfsfólki í afleiddum störfum af sjávarútvegi.

Hækkun veiðigjalda mun hafa áhrif á fjárfestingagetu fyrirtækja í sjávarútvegi og þar með minnka umsvif fyrirtækja sem starfa á Akureyri og treysta á sjávarútvegin. Þá eru ónefnd öll önnur þjónustufyrirtæki bæjarins sem að njóta með beinum eða óbeinum hætti góðs af öflugum sjávarútvegi í sveitarfélaginu og eiga afkomu sína að hluta undir því að rekstur hans standi á styrkum fótum.

<sup>1</sup> <https://ssv.is/utgafur/haekkun-veidigjalda-eftir-aflamagni-skipa/>

Af framangreindu má vera ljóst að áhrifin af hækkun veiðigjalda á byggðarlögin í sveitarfélaginu eru umtalsverð, hvort sem horft er til Akureyrar, Hríseyjar eða Grímseyjar.

Virðingarfyllst,  
Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri